



## Valmynd

---

# Alþjóðlegir umhverfissamningar - Bernarsamningur

## Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr

### Heiti:

- Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.
- *Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats.*

### Eðli samnings og vörsluaðili:

- Svæðisbundinn samningur
- Í vörslu Evrópuráðsins.
- 45 aðildarríki
- Gildir fyrir Evrópu og lönd sem hafa sameiginlegar dýrategundir með henni.

### Dags.:

- Gerður í Bern 19. september 1979.
- Öðlaðist gildi 1. júní 1982.

### Aðild Íslands:

- Fullgiltur 17. júní 1993, öðlaðist gildi 1. október 1993. Stjt. C 17/1993.

### Bókanir:

- Engar.

### Breytingar:

- Engar.

### Stjórn:

- Ákvarðanir eru teknar á fundum samningsaðila.
- Auk þess eru starfandi nokkrar undirnefndir.

**Stefnumörkun:** Umhverfisráðuneytið í samráði við Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun

**Framkvæmd:** Náttúrufræðistofnun Íslands

**Þátttaka í fundum:** Náttúrufræðistofnun Íslands

**Upplýsingagjöf:** Náttúrufræðistofnun Íslands

### Markmið:

- Að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinnu þarf til að vernda.
- Að stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða.

**Ákvæði:**

- Aðilum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við einkum vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
- Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I-III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir.

**Viðauki I:**

Hefur að geyma skrá yfir tegundir hætt kominna og fágætra plantna. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæða þeirra.

**Viðauki II:**

Hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr, froska, fiska, skordýr og önnur lægri dýr. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæða þeirra, meðal annars m.t.t. veiða, eggjatöku, ónaedis við bústaði þeirra, sérstaklega um fengi- og varptímann, og verslunar, ef það hefur þýðingu fyrir verndun tegundanna. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans.

**Viðauki III:**

Hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr og froskdýr. Þessi dýr skulu njóta verndunar og aðilum ber að tryggja að veiði eða föngun þessara tegunda sé hagað þannig að þeim sé ekki stofnað í hættu, m.a. með takmörkun á veiðitíma, svæðisbundnum bönnum veiða og stjórn á nýtingu og verslun. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans.

**Viðauki IV:**

Hefur að geyma skrá yfir veiðiaðferðir sem aðilum er uppálagt að banna.

**Upplýsingar:****Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitat**

(<http://conventions.coe.int/Treaty/Commun/QueVoulezVous.asp?NT=104&CM=1&DF=9/27/2006&CL=ENG>)

Eladio Fernandez-Galiano  
Council of Europe  
67075 STRASBOURG CEDEX  
France

Tel: + 33 3 88 41 2259

Fax: +33 3 88 41 37 51

E-mail: [eladio.fernandez-galiano@coe.int](mailto:eladio.fernandez-galiano@coe.int)

